

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 23. maí 2024
UST202404-275/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Útbær - Höfn í Hornafirði - Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Útbæjar á Höfn vegna fyrirhugaðrar hótélbyggingar.

Í erindinu kemur fram að í breytingunni felst m.a. að fjórar lóðir eru sameinaðar í eina, Ránarslóð 3. Þar verða breytingar á byggingarreitum og hámarkshæð hækkar úr 2 hæðum í 3 hæðir. Tvær lóðir eru sameinaðar í eina, Óslandsveg 3. Hámarkshæð hækkar úr 1 hæð í 2 hæðir og nýtingarhlutfall fer úr 0,3 í 0,5.

Fólkvangur - Ásýnd

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn segir: „Helstu ógnir svæðisins eru framkvæmdir og starfsemi í nærumhverfinu. Gæta þarf þess að starfsemi sem fer fram utan fólkvangsins hafi sem minnst áhrif á svæðið. Bæði þarf að gæta þess að útrás frá hreinsistöð liggja ekki þannig að skólþ berist til baka á strendur fólkvangsins og að niðurdæling/tilfærsla á sandi úr höfninni hafi ekki neikvæð áhrif á svæðið.“¹

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir á svæðinu falli vel að umhverfinu og að svæðið hafi yfir sér svip vandaðs frágangs svo að ekki komi til sjónrænna áhrifa er gætu haft neikvæð áhrif á aðkomu að fólkvanginum.

Hér er um að ræða áætlanir um aukið byggingarmagn. Auk þess er verið að hækka byggingar, í annað skiptið, þar sem upphaflega tillagan gerði ráð fyrir að byggingar yrðu hæstar 7,5 metrar. Umhverfisstofnun bendir á að skipulag lóðanna verður mjög breytt ef tillagan nær fram að ganga, byggingar verða hærri og umfangsmeiri og sjónræn áhrif verða meiri.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að reynt sé að fella byggingar að landinu og notast við náttúrulegt litavali.

Auk þess þarf að fjalla um hvernig fráveitumálum verður háttað frá hótelinu.

¹ [https://ust.is/library/sida/Nattura/Stj%c3%b3rnunar%20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20%c3%93sland%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/Nattura/Stj%c3%b3rnunar%20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20%c3%93sland%20(1).pdf)

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur